BJARGSLAND Í BORGARNESI

BREYTING AÐALSKIPULAGS BORGARBYGGÐAR 2010-2022

Hluti gildandi ask. m.s.t.br.
Staðfest af ráðh. 29.06.2011 mkv. 1:10.000



Tillaga að breytingu
Dagsetning 01.11.2018 mkv. 1:10.000



Skýringar
Landnotkunarflokkar í aðalskipulagi

- A5 Athafnasvæði
- I 5 Iðnaður
- Í5 Íbúðarsvæði
- Þ5 Þjónustustofnun
- S5 Verslun- og þjónusta
- O5 Opið svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Landbúnaður
- Sjór
- Hugsanl. flóðasvæði (0-5 m.y.s)
- Þéttbýlismörk
- Skipulagssvæði
- Gönguleið
- Stofnvegur
- Tengivegur
- Aðrir vegir
- R Rafveita

Skýringaruppdráttur
Tillaga að breyttri landnotkun mkv. 1:4.000



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 1. mgr., 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Forsendur breytinga

Gera þarf breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi fyrir Bjargsland II, svæði I í Borgarnesi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Borgarbyggðar 30. nóv 2006 og auglýst í B-deild stjórnartíðinda (nr. 1166/2006) 19. des 2006. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi nær breytingin yfir fimm svæði; íbúðarsvæði Í10 og Í11, opið svæði til sérstakra nota O15, verslun og þjónustu S2 og óbyggt svæði. Í skipulaginu er mörkuð sú stefna að Borgarnes anni eftirspurn íbúðarlóða með fjölbreyttu lóðaúrvali. Einnig skal stuðla að því að ljúka uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæði S2 áður en ný svæði verða tekin í notkun. Lítil uppbygging hefur verið á svæðinu. Gatan Fjóluklettur hefur verið lögð og hluti af Birkikletti. Við Fjóluklett eru 19 lóðir en einungis eru fullbyggð 6 hús við götuna, auk þess sem búið er að steypa sökkla fyrir eitt parhús og eitt einbýlishús. Að mati sveitarstjórnar hefur eftirspurn minni íbúða aukist og mun halda áfram, miðað vil mannfjöldaspár. Því þarf að fækka einbýlishúsalóðum en fjölga lóðum undir smærri íbúðareiningar. Einnig er mikilvægt að koma fyrir annarri vegtengingu að íbúðarsvæði Í11. Enn fremur er lagt til að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði vestan Egilsholts, lóð Egilsholts 1 að Hrafnakletti, þannig að allt svæðið nýtist fyrir verslun og þjónustu. Við breytinguna breytist afmörkun íbúðarsvæðis Í10 og Í11 auk verslunar- og þjónustusvæðis S2. Íbúðarsvæði Í10 minnkar og verður einungis vestan Hrafnakletts, þ.e. götunar Kvíaholt, Stekkjarholt og Stöðulsholt. Íbúðarsvæði Í11 stækkar til vesturs og svæði fyrir verslun og þjónustu S2 stækkar til suðvesturs, en minnkar jafn mikið á móti austri. Nýtt íbúðarsvæði Í12 verður til. Það afmarkast af Hrafnakletti og nýrri safngötu í vestri og nær yfir Fjóluklett og svæðið norðan hans upp að Í11. Opið svæði til sérstakra nota O15 (leikvöllur) fellur út af skipulagi og óbyggt svæði minnkar. Skipulagssvæðið er u.þ.b. 19,3 ha að stærð. Allt svæðið fyrir íbúðarbyggð er í eigu Borgarbyggðar, en hluti lóða við Egilsholt er í eigu annarra aðila.

Íbúðarsvæði

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur íbúum í Borgarnesi fjölgað úr 1.757, 1. des 2011, í 1.962, 1. des. 2018. Þetta er fjölgun um rúmlega 11% á sjö árum. Íbúaspá Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) gerir ráð fyrir áframhaldandi fjölgun fram til ársins 2025 og þá verði íbúafjöldi í Borgarnesi kominn í 2.386 (Vífill Karlsson, 2015). Samkvæmt stuðli Hagstofu Íslands um meðal fjölskyldustærð 2,59 íbúar/íbúð er því þörf á a.m.k. 200 nýjum íbúðum í Borgarnesi fram til ársins 2025. Miðað við það þarf að byggja um 20 íbúðir á ári til að koma til móts við íbúaþróun. Á miðsvæði M3 er verið að reisa 38 íbúðir og við Arnarklett hafa risið 16 íbúðir síðan 2015. Samtals eru þetta 54 íbúðir á þrem árum, en þyrftu að vera 60 til að svara eftirspurn, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar.

Talsverð uppbygging er í Borgarnesi. Hægt er að nefna stækkun grunnskólans, hótel- og verslunarhúsnæði við Borgarbraut (Miðsvæði), verslunar- og þjónustubyggingu við Digranesgötu og stækkun Hótels Hamars. Þessi umsvif kalla á aukið vinnuafl og hafa atvinnurekendur haft orð á skorti á húsnæði fyrir starfsfólk sitt. Sem dæmi um húsnæðisskort hafa bæði Loftorka og Eðalfiskur nýlega fest kaup á starfsmannahúsnæði. Haustið 2017 var gerð fyrirtækjakönnun á Vesturlandi og þar kemur fram að mikill meirihluti fyrirtækja á svæðinu stefnir á fjölgun starfsfólks á næstunni. (Vífill Karlsson, 2018)

Hækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu veldur flótta fólks til nágrannasveitarfélaga. Það á sérstaklega við ungar barnafjölskyldur (Vífill Karlsson, 2015) í leit að fjölskylduvænu húsnæði á viðráðanlegu verði. Mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreytt húsnæði, bæði miðsvæðis og í útjaðri byggðar, því er þörf á að hefja uppbyggingu í Bjargslandi II eins fljótt og auðið er. (Vífill Karlsson, 2018)

Verslunar- og þjónustusvæði

Afmörkun svæðis fyrir verslun- og þjónustu S2 breytist en það hefur ekki áhrif á stærð svæðisins. Verslunar- og þjónustusvæði verður skilgreint syðst við Egilsholt í stað íbúðarsvæðis, þannig að öll gatan nýtist fyrir verslun og þjónustu. Gatan er þegar lögð og því hægt að hefja uppbyggingu verslunar og þjónustu um leið og aðalskipulagsbreytingin hefur öðlast gildi. Í dag eru byggingarvöruverslanir á reitnum, en vonir standa til að hægt verði að bjóða upp á fjölbreyttari verslun og þjónustu.

Samkvæmt viðmiðunartölum Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir 13,5 m² af verslunar- og skrifstofuhúsnæði á hvern íbúa. Í byrjun árs 2017 voru Borgnesingar 1946 talsins og magn verslunar- og þjónustuhúsnæðis u.þ.b. 16.750 m², sem gerir 8,6 m² á hvern íbúa. Það gefur auga leið að þetta hlutfall verður að vera hærra í Reykjavík en á landsbyggðinni, því þar er langmestur straumur ferðafólks, bæði erlends og innlends. Í Borgarbyggð og nágrannasveitarfélögum eru margar blómlegar frístundabyggðir og fólk sem nýtir sér þær sækir verslun og þjónustu í Borgarnes. Einnig er Borgarnes þannig í sveit sett að mikil umferð er í gegn og finnst mörgun tilvalið að stoppa þar áður en lengra er haldið.

Miðað við íbúaspá SSV er gert ráð fyrir að íbúum í Borgarnesi fjölgi að meðaltali um 63 á ári fram til 2025. Þar að auki er sífellt verið að stækka frístundabyggðir og skipuleggja ný svæði undir þær. Miðað við fjölgun skv. íbúaspá þarf að bæta við að lágmarki 540 m² af verslunar- og þjónustuhúsnæði árlega til að viðhalda hlutfallinu 8,6 m²/íbúa og miðað við stækkun frístundabyggða er rými til að auka þetta hlutfall, svo óhætt er að reikna með að bæta við 600 m² árlega.
Síðan 1. janúar 2017 hefur eftirfarandi uppbygging átt sér stað eða er ráðgerð:
- Borgarbraut 57, 480 m² í byggingu, verklok áætluð í júní 2018
- Digranesvegur 4, 1.000 m² í byggingu, verklok áætluð 1. mars 2019 og 700 m² ráðgerðir
- Borgarbraut 55, 400 m² ráðgert

Ef þau verk sem eru hafin ganga eftir áætlun, munu hafa risið 1.480 m² í lok fyrsta ársfjórðungs 2019, sem rúmast hæglega miðað við íbúaspá. Þau tvö verkefni sem eru ráðgerð, samtals 1.100 m² rýmar síðan vel við spána til næstu tveggja ára þar á eftir. En til að vera viðbúin mögulegri aukinni fjölgun íbúa og eftirsókn til ársins 2025, er ljóst að þessar byggingar duga ekki til, svo mikilvægt er að geta boðið upp á fjölbreyttari lóðir með mismunandi möguleika. Það er nauðsynlegt að bjóða einnig upp á lóðir fyrir plássfrekari verslun og þjónustu, og þá sem ekki þarf að vera alveg miðsvæðis. Fyrirhuguð uppbygging verslunar- og þjónustuhúsnæðis við Egilsholt er mikilvæg til að hægt sé að bjóða upp á fjölbreyttar lóðir og skapa aðstæður fyrir fjölbreyttari uppbyggingu þjónustufyrirtækja í Borgarnesi.
Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis S2 til suðvestur gerir kleift að bæta við verslunar- og þjónustulóð við Egilsholt. Í dag eru byggingarvöruverslanir á svæði S2, en vonir standa til að umrædd breyting verði til þess fallin að fjölbreyttari verslun geti flust á reitinn, án frekari gatnagerðar.

Opið svæði til sérstakra nota

Leiksvæði O15 (0,2 ha) er tekið út af skipulagi og reiturinn felldur inn í Í12. Ekki þykir ástæða til að vera með skipulagt leiksvæði innan Í11 og Í12, þar sem byggðin er umlukin óbyggðu svæði sem býður upp á fjölda möguleika til leikja í fjölbreyttu landslagi. Þrátt fyrir að klettótt landslag hamli útivist að einhverju leiti býður það einnig upp á fjölbreytta möguleika til leikja.

Óbyggt svæði

Við breytinguna eru u.þ.b. 4850 m² af óbyggðu svæði teknir undir íbúðarbyggð. Um er að ræða svæði sunnan við Í11 og S2 og austan Í12. Tota sunnan við S2 var aðþrengd í eldra skipulagi og bauð ekki upp á mikla möguleika sem opið svæði en við þessa breytingu verður til mikilvæg tenging á milli Í11 og Í12. Áfram verður horn á milli Í11 og Í12 sem verður óbyggt land og býður upp á skemmtilegt útivistarsvæði fyrir barnafólk. Við gatnamót Hrafnakletts við Egilsholt og Borgarbraut hafa 973 m2 svæðis S2 Verslun og þjónusta verið færðir aftur í Óbyggt svæði og einnig lóðir númer 38 og 40 við Stöðulsholt. Þetta er gert til að tryggja að svigrúm verði til að endurhanna gatnamót Egilsholts og Borgarbrautar.
Stofnstígur meðfram ströndinni hefur verið færður til samræmis við auglýst deiliskipulag. Aðrar breytingar eru ekki gerðar á stígakerfi.

Vegtengingar

Öll bílaumferð inn á Í12 fer um Hrafnaklett. Gatnamót Hrafnakletts og Hringvegar eru hins vegar erfið, að mati Vegagerðar. Mikilvægt er að, þegar svæði Í11 verður deiliskipulagt, verði skoðuð tenging frá Hringtorki á mótum Hringvegar og Snæfellsnesvegar, við allt svæðið. Þannig verður hægt að létta á umferð um gatnamót Hrafnakletts og Hringvegar.

Breytingar í greinargerð og á uppdrætti

Íbúðarsvæði Í12 er skilgreint austan við Hrafnaklett og S2 og sunnan við Í11. Nýtingarhlutfall verður óbreytt á svæðum Í10, Í11 og S2, og verður 0,35-0,5 á Í12. Nýtingarhlutfall lýsir nýtingu hvers svæðis í heild. Í ljósi þess getur nýting einstakra lóða innan svæðis verið meiri en uppgefið nýtingarhlutfall aðalskipulags. Nýting lóða er skilgreind sérstaklega í deiliskipulagi, ýmist með nýtingarhlutfalli eða hámarksbyggingarmagni. Á svæðum Í11 og Í12 er gert ráð fyrir blandaðri byggð einbýlis-, rað- og fjölbýlishúsa. Nýtt deiliskipulag verður auglýst á sama tíma og aðalskipulagsbreyting.
Breytingar á uppdrætti má sjá að ofan.
Breytingar í greinargerð einskorðast við töflu á bls 74:

Landnýting	Staðsetning og lýsing	Stærð (ha)	Nýtingarhlutfall	Tilvísun í þéttbýlisuppdrátt
Íbúðarsvæði	Bjargsland	10,7	0,3-0,5	Í10
Íbúðarsvæði	Bjargsland, nýtt hverfi	3,3	0,25-0,35	Í11
Verslunar- og þjónustusvæði	Egilsholt byggingarvöruverslanir	4,3	0,35	S2
Opið svæði til sérstakra nota	Leiksvæði	0,2	Ekki reiknað	O15

Tafla bls. 74 fyrir breytingu

Landnýting	Staðsetning og lýsing	Stærð (ha)	Nýtingarhlutfall	Tilvísun í þéttbýlisuppdrátt
Íbúðarsvæði	Bjargsland: Kvíaholt, Stekkjarholt og Söðulsholt	4,6	0,3-0,5	Í10
Íbúðarsvæði	Bjargsland, nýtt hverfi	3,8	0,25-0,35	Í11
Íbúðarsvæði	Bjargsland: Fífuklettur og Birkiklettur	5,7	0,35-0,5	Í12
Verslunar- og þjónustusvæði	Egilsholt byggingarvöruverslanir	4,1	0,35	S2

Tafla bls. 74 eftir breytingu

Tengsl breytingartillögu við aðrar skipulagsáætlanir

Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna leggur áherslu á að skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild og að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.
Í Landsskipulagsstefnu kemur einnig fram að í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og -stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa. Fyrirhuguð breyting aðalskipulags felur þetta einmitt í sér.

Aðalskipulag

Þann 12. apríl 2018 samþykkti sveitarstjórn að auglýsa lýsingu á breytingu aðalskipulags er varðar framtíðarlegu Hringvegar (1) í Borgarnesi. Sú breyting snýst um að taka út af aðalskipulagi mögulega færslu Hringvegarins austur fyrir þéttbýlið í Borgarnesi. Lega Hringvegarins fyrir þá breytingu afmarkar íbúðarsvæði Í11 að austanverðu og þar sem sú breyting hefur ekki tekið gildi, er vegurinn inni á uppdrætti sem fylgir aðalskipulagsbreytingu er varðar landnotkun í Bjargslandi II.

Deiliskipulag Bjargslands II

Samhliða þessari breytingu á aðalskipulagi er unnið að nýju deiliskipulagi fyrir Bjargsland II svæði I og II (svæðaskipting skv. tillögu að rammaskipulagi fyrir Bjargsland II), nánar tiltekið svæði Í12 og S2. Við samþykkt þessa deiliskipulags falla úr gildi eftirfarandi skipulagsáætlanir:
- Deiliskipulag verslunarlóðar við Egilsholt 2, samþykkt í Bæjarstjórn 23. des 2002
- Deiliskipulagsbreyting verslunarlóðar við Egilsholt 2, samþykkt í bæjarráði 1. apríl 2004
- Deiliskipulag verslunarlóðar við Egilsholt 1, samþykkt í bæjarstjórn 10. mars 2005
- Bjargsland II, svæði I, samþykkt í sveitarstjórn 30. nóvember 2006
- Bjargsland II, svæði I, samþykkt í sveitarstjórn 8. mars 2007.

Nýtt deiliskipulag verður auglýst samhliða þessari breytingu á aðalskipulagi.

Samkvæmt tillögu að breytingu deiliskipulags verður lokað fyrir hringtengingu í Birkikletti og honum skipt í tvær samhliða botnlangagötur; Birkiklett og Fífuklett. Samhliða Fífukletti bætist við ný safngata sem mun tengjast framtíðar íbúðarbyggð á reit Í11. Með tilkomu þessarar tengingar verður samfelld íbúðarbyggð á reitum Í10, Í11 og Í12.

Fjöldi íbúða helst nánast óbreyttur frá fyrra skipulagi, er nú 90 í stað 91. Tegundasamsetning íbúðarhúsnæðis breytist þó verulega eins og sjá má á meðfylgjandi töflu. Klettótt landslag setur nokkrar hömlur hvað varðar lóðastærð og húsagerð. Lágreist byggð passar betur í landslagið en háreist. Því hefur fjögurra hæða fjölbýlishúsum verið fækkað úr fjórum í tvö. Þrátt fyrir að markmið breytingarinnar sé að auka framboð ódýrara íbúðarhúsnæðis telur sveitarstjórn ekki ástæði til að byggja fjögur fjölbýlishús og því hefur þeim verið fækkað um helming, m.a. vegna þess að framboð slíkra íbúða hefur aukist miðsvæðis í Borgarnesi.

Fjöldi íbúða helst nánast óbreyttur frá fyrra skipulagi, er nú 90 í stað 91. Tegundasamsetning íbúðarhúsnæðis breytist þó verulega eins og sjá má á meðfylgjandi töflu. Klettótt landslag setur nokkrar hömlur hvað varðar lóðastærð og húsagerð. Lágreist byggð passar betur í landslagið en háreist. Því hefur fjögurra hæða fjölbýlishúsum verið fækkað úr fjórum í tvö. Þrátt fyrir að markmið breytingarinnar sé að auka framboð ódýrara íbúðarhúsnæðis telur sveitarstjórn ekki ástæði til að byggja fjögur fjölbýlishús og því hefur þeim verið fækkað um helming, m.a. vegna þess að framboð slíkra íbúða hefur aukist miðsvæðis í Borgarnesi.

Sveitarstjórn mun vinna stefnu um tegundasamsetningu íbúðarhúsnæðis samhliða endurskoðun aðalskipulags, sem er á dagskrá sveitarstjórnar.

Áhrif breytingar á samfélag og umhverfi

Náttúrufar – Skipulagssvæðið er í norðanverðu landi Bjargs, norðan núverandi íbúðarbyggðar í Borgarnesi. Landslagið einkennist af lágum klettaborgum sem gnæfa yfir mela og flóa. Áhrif eru hverfandi þar sem nánast allt skipulagssvæðið var skilgreint sem annað hvort íbúðarsvæði eða verslunar- og þjónustusvæði á upphaflegu skipulagi. Tæplega hálfur hektari bætist við skilgreind svæði og á því svæði eru eldri byggingar, svo ekki er verið að taka nýtt, ósnortið land undir skipulag. Áhrif skipulagsbreytingar á náttúrufar eru hverfandi.
Samfélag – Fjölbreyttari íbúðarmöguleikar leiða til fjölbreyttara samfélags og mannlífs. Gera má ráð fyrir hraðari uppbyggingu íbúðarhverfisins, en hún hefur verið hingað til, sem hefur jákvæð félagsleg og hagræn áhrif á samfélagið. Breytt afmörkun svæðis fyrir verslun- og þjónustu S2 býður upp á aukna fjölbreytni verslunar og þjónustu án frekari gatnagerðar, sem hefur jákvæð hagræn áhrif á samfélagið.

Tillaga að rammaskipulagi fyrir Bjargsland
Útgefið 2006 Ekki í kvarða



Skipulagsferli, kynning og samráð

Lýsing breytingar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022, fyrir Bjargsland í Borgarnesi, var tekin fyrir á fundi umhverfis-, skipulags- og landbúnaðarnefndar í febrúar 2018. Lýsingin var send til umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Slökkviliðs Borgarbyggðar og Vegagerðarinnar í byrjun mars 2018. Umsagnir bárust frá öllum umsagnaraðilum og hefur verið brugðist við þeim. Lýsingin var kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á kynningarfundi í Ráðhúsi Borgarbyggðar þann 7. mars 2018 og þeim gefinn kostur á að koma með umsagnir. Engar umsagnir bárust frá íbúum eða hagsmunaaðilum. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 7. júní 2018 að auglýsa breytingartillöguna og var hún send til Skipulagsstofnunar þann 19. september 2018. Skipulagsstofnun gerði minni háttar athugasemdir við tillöguna, sem brugðist hefur verið við og var hún samþykkt í sveitarstjórn þann 8. nóvember 2018. Tillagan verður auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í nóvember 2018.

Umsagnir og viðbrögð

Skipulagsstofnun

Í lýsingu þarf að gera betri grein fyrir fjölgun íbúðam og fjalla um samsetningu íbúðaþróunar, stöðu húsnæðismála og stefnu sveitarstjórnar um mismunandi tegundir íbúðarhúsnæðis, bregðast við ábendingum Vegagerðarinnar, lagfæra töflur þar sem upplýsingar hafa dottið út og gera breytingar á stofnstíg við Fjóluklett greinilegri.
- Bætt var við umfjöllun í lok kafla sem fjallar um tengsl breytingartillögu við deiliskipulag svæðisins, töflur hafa verið uppfærðar og göngustígur færður fjær lóðamörkum og teiknaður skírar.

Vegagerðin

Óskar eftir að skoðaður verði möguleiki á nýrri framtíðartengingu fyrir Bjargsland um hringtorg á mótum Þjóðvegar 1 og Snæfellsvegar 54, auk þess að loka fyrir eða takmarka notkun á hættulegri og erfiðri tengingu Hrafnaklettar og Þjóðvegar 1.
- Bætt hefur verið við kafla um vegtengingar

	Eldra skipulag	Nýtt skipulag	Breyting
Einbýlishús	33	22	-11
Parhús	12	8	-4
Raðhús	4	32	+28
Fjölbýlishús	42	28	-14

Breyting á tegundasamsetningu íbúðahúsnæðis

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Bendir á að áður fyrr var á svæði við Fjóluklett losað sorp frá íbúðarbyggð og starfsemi í Borgarnesi. Enn má finna járnadrasl í fjöruborðinu.
- Sveitarstjórn mun ráðast í hreinsun á svæðinu.

Umhverfisstofnun

Leggur áherslu á að skerða ekki útivistarmöguleika meðfram sjónum.
- Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir stofnstíg meðfram ströndinni og er sú stefna óbreytt.

Slökkvilið Borgarbyggðar

Áréttar að aðgengi slökkviliðs að mannvirkjum og slökkvivatni verði tryggt sem best má vera.
- Aðgengi verður tryggt á deiliskiplagsstigi.

Heimildir

Vífill Karlsson (2015). Mannfjöldaspá fyrir Borgarbyggð til ársins 2025. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.
Vífill Karlsson (2018). Íbú[a]þróun í Borgarbyggð og Borgarnesi fram til þess[a] og í náinni framtíð. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykki í sveitarstjórn Borgarbyggðar ~~þann 7. júní 2018~~. 8.11.18

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá 19.sept til 31.okt 2018

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 24.01.2019

Hafdís Hafliðadóttir Birna B. Ásmundsdóttir

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B- deild Stjórnartíðinda þann _____

BJARGSLAND Í BORGARNESI
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI BORGARBYGGÐAR
ÍBÚÐARBYGGÐ | LANDNOTKUN | GATNAKERFI

landlinur hönnun og skipulag

Mælikvarði	Dagsetning	Verkheiti	Skráarheiti	Uppdráttur
1:10.000 (A2) 1:4.000 (A2)	07.12.2018	A406-Borgarbyggð	a406-Bjargsland.dgn	SÓÁ/VÞ/SJ

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA